

37.stjórnarfundur KRAFT var haldinn á skrifstofu sambandsins 20.mars 2013 og hófst kl. 20.00

Mætt: Óskar Ingi, Sigurjón, Auðunn, Guðjón, Aron og Gry. Kári og Birgir boðuðu forföll.

Þetta gerðist:

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2. Stofnun kraftlyftingadeildar Stjórnunnar.
Erindi hefur borist frá framkvæmdastjóra Stjórnunnar í Garðabæ um að KRAFT viðurkenni stofnun og aðild kraftlyftingadeildar Stjórnunnar í KRAFT. Um er að ræða að Kraftlyftingafélag Garðabæjar, Heiðrún, verði deild innan Stjórnunnar. Stjórnin samþykkir þetta
Aðgerð: Gry svarar erindi Stjórnnumanna.
3. Erindi Víkings um staðsetningu Norðurlandamót 2014.
Verður tekið fyrir á næsta fundi.
4. Tilboð Eleiko vegna lóðakaupa.
Aðgerð: Sigurjón ítrekar póstinn við félögin og setur tímafrest til að ganga frá kaupunum.

Auðunn vék af fundi.
5. Skipan nefnda og erindisbréf.
Farið var yfir nefndarmál og lagðar fram tillögur um mönnun í nefndum.
Aðgerð: Stjórnin heldur áfram að vinna málið í tölvupóstum.
6. Mótareglur.
Lagðar voru fram tillögur að breytingum á Reglugerð um mótahald. Tillögurnar lesnar, lagaðar og samþykktar.
Aðgerð: Gry birtir reglurnar og kynnir á kraft.is.

Fundi slitið kl. 23.30

Fundaritari: Gry Ek